

Skólaráðsfundur

21. október 2015.

Mætt voru; Örn skólastjóri, Inga aðstoðarskólastjóri, Þóra og Rósa fulltrúar kennara, Kári fulltrúi starfsmanna, Þröstur og Þóra fulltrúar foreldra, Dóróthea fulltrúi grenndarsamfélags, Tinna 6.b og Daníel Þór 7.b fulltrúar nemenda.

Örn bauð skólaráð velkomið á fyrsta fund á nýju skólaári. Fundarskipulag hefur verið sent út með fyrirvara um breytingar.

Ráðinu hefur borist erindi frá S.F.S. Óskað svar við þrem spurningum.

1. Kostir og gallar núverandi skólamarka gagnvart okkar skóla ?
2. Eru ástæður til breytinga vegna þéttingar.
3. Ef breytinga er þörf hvernig vilduð þið sjá þær ?

Almennar athugasemdir um skólahverfamörk.

Nokkrar umræður spunnust um málið en ákveðið var að taka ekki afstöðu strax.

Óskað svara fyrir 1.jan. 2016

Örn hefur óskað eftir fundi v/fyrirhugaðar fjölgunar í skólanum og hvaða áhrif það hefur á aðstöðu frístundarheimilisins.

Örn kynntir niðurstöður viðhorfskönnunar meðal foreldra sem skólinn framkvæmdi í vor. Umræður spunnust um hvernig nýta má niðurstöðurnar skólanum til framdráttar og hve oft og hvernig er ástæða til að gera slíkar kannanir.

Fundi slitið

Inga Sigurðardóttir